

Samstarf um lungnamælingar

LUNGNAMÆLINGAR EIGA AÐ VERA SJÁLFSÖGÐ ÞJÓNUSTA sem hægt á að vera að framkvæma á öllum heilsugæslustöðvum landsins. Þetta er eitt af markmiðum samnings sem var undirritaður í húsakynnum Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur á dögnum, eins og segir í fréttatilkynningu. Landlæknisembættið, Tóbaksvarnarnefnd, Loftfélagið og GlaxoSmithKline ætla að starfa sameiginlega að aukinni fræðslu og upplýsingagjöf innan heilbrigðiskerfisins á sviði lungnasjúkdóma og greiningu á orsökum vaxandi tíðni þeirra hér á landi.

Það voru Sigurður Guðmundsson landlæknir, Þorsteinn Njálsson formaður Tóbaksvarnarnefndar, Gunnar Guðmundsson lungnalæknir fyrir hönd Loftfélagsins og Hjörleifur Þórarinnsson fyrir hönd

Samstarfssamningur innsiglaður. Frá vinstri Hjörleifur Þórarinnsson, Gunnar Guðmundsson, Sigurður Guðmundsson og Þorsteinn Njálsson.



GlaxoSmithKline sem undirrituðu samstarfssamninginn. Við undirritunina kom fram að talið sé sérstaklega brýnt að viðtækt samstarf takist meðal aðila heilbrigðiskerfisins um að sporna gegn þeirri alvarlegu þróun sem felst í ört vaxandi tíðni langvinnra lungnateppusjúkdóma sem rekja má að stórum hluta til langvarandi tóbaksreykinga. Þessir sjúkdómar hafa stundum verið nefndir „hinir gleymdu sjúkdómar“ sökum þess hversu líttill athygli þeir hafa notið, bæði meðal heilbrigðisstarfsfólks og almennings.

Talið er að 16.000 til 18.000 manns þjáist af völdum langvinnrar lungnateppu hér á landi. Aðalorsök-in er að fjölmennir árgangar árána 1930 til 1965 eru að færast upp aldurstigann, en reykingar hafa verið nokkuð útbreiddar meðal þeirra. Um 90% þeirra sem þjáast af völdum sjúkdómanna eru reykingafólk. Haldi fram sem horfir er talið að langvinnir lungnateppusjúkdómar verði þriðja algengasta dánarorsök-in hér á landi á næstu 20 árum en í dag eru þeir sjötta algengasta dánarorsök Íslendinga.

Samningsaðilar ætla að beita sér fyrir markvissri notkun á lungnamælum til greiningar á lungnasjúkdómum og mun GlaxoSmithKline greiða kostnað af nýjum lungnamælum sem afhentir verða þeim 26 heilsugæslustöðvum sem samkvæmt niðurstöðum landlæknisembættisins þurfa á endurnýjun slíks tækjabúnaðar að halda. Úr fréttatilkynningu.

Alþjóðlegi alnæmisdagurinn 1. desember 2001

Kjörorð dagsins: Snertir mig – en þig?

ALÞJÓÐLEGI ALNÆMISDAGURINN VERÐUR HALDINN í fjórtánda sinn þann 1. desember en hann er haldinn á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þar hefur verið komið upp samstarfsvettvangi margra alþjóðlegra stofnana sem vinna að alnæmisvörnum undir heitinu UNAIDS. Kjörorði dagsins er ætlað að örva umræðu um hlut karlmanna í þeirri vö sem alnæmisfaraldurinn er. Karlar og þá einkum ungir karlmenn eru stærsti áhættuhópurinn þegar alnæmissmit er annars vegar og þeir eru líka sá hópur sem helst stuðlar að útbreiðslu smitsins.

Í ávarpi UNAIDS í tilefni dagsins segir meðal annars: „Það þarf að hvetja feður dagsins í dag og feður framtíðarinnar til þess að velta betur fyrir sér hvaða áhrif kynhegðun getur haft á félagi þeirra og börn, þar á meðal það að láta eftir sig börn sem alnæmismunadurleysingja og að bera HIV-veiruna inn í fjölskylduna.“

Meðfylgjandi er tafla frá sóttvarnalækni sem sýnir útbreiðslu alnæmis hér á landi.

Tafla Einstaklingar greindir með HIV-smit og alnæmi og dánir af alnæmi

Ár	Með hiv-smit			Með alnæmi			Dánir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
1983	1	–	1	–	–	–	–	–	–
1984	–	–	–	–	–	–	–	–	–
1985	15	1	16	1	–	1	1	–	1
1986	11	2	13	3	–	3	–	–	–
1987	4	1	5	1	–	1	2	–	2
1988	10	3	13	3	2	5	1	1	2
1989	5	1	6	3	–	3	–	–	–
1990	5	–	5	3	–	3	4	1	5
1991	8	2	10	6	2	8	2	–	2
1992	10	1	11	3	–	3	2	–	2
1993	2	1	3	6	1	7	7	1	8
1994	6	2	8	5	1	6	4	1	5
1995	5	2	7	4	–	4	3	–	3
1996	4	2	6	3	–	3	1	–	1
1997	8	1	9	1	–	1	1	–	1
1998	5	3	8	2	–	2	–	–	–
1999	7	5	12	–	–	–	1	–	1
2000	7	3	10	1	–	1	1	–	1
2001*	4	1	5	1	–	1	–	–	–
Alls	117	31	148	46	6	52	30	4	34

*Til 30. júní